

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Matorka ehf. Húsatóftum, Grindavík



Dags eftirlits	10.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Húsatóftum	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Cees-Jan Bastiaansen	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Maryka Musson og Særún Ósk Sigvaldadóttir	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu. Ein ábending var gerð: 1) Koma þarf árekstravörn fyrir við olúgeymi. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku, Húsatóftum.

Matorka Húsatóftum er með starfsleyfi sem var fyrst gefið út af heilbrigðisnefnd Suðusnesja til Dýrfisks þann 10. september 2014 en að beiðni rekstraraðila færði Umhverfisstofnun það yfir á Matorku þann 10. ágúst 2016. Leyfið gildir til 10. september 2026. Starfsleyfið gildir fyrir klakfiskaeldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi og er heimilt að ala allt að 200 tonnum árlega.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjöllum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti  
Síðan síðasta eftirlit var hjá Matorku, Húsatóftum hafa jarðskjálftar og eldgos haft talsverð áhrif á rekstur stöðvarinnar. Engar skemmdir hafa þó orðið á kerjum í stöðinni. Rekstur stöðvarinnar er nokkuð eðlilegur og er reglulega bæði tekið við seiðum frá seiðaeldisstöð fyrirtækisins og fiskur sendur í áframeldi. Rúmlega 50 tonn voru í stöðinni í lok júní.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar  
Ekki er gerð krafa um mælingar á frárennslisvatni frá stöðinni eða skil á gögnum til eftirlitsaðila. Útreikningar á fosfórlausun liggja þó fyrir og benda til að fosfórlausun frá stöðinni hafi verið um 7,9 kg/framleitt tonn sem er undir þeim mörkum sem gerðar eru til sambærilegra stöðva.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Kynningar á fylgiskjöllum og áherslum í eftirliti  
Fullnægjandi tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram en var sent eftirlitsaðila þann 19. júlí sl. Ekki eru kröfur í starfsleyfi um neinar áætlanir en áætlanir sem kröfur eru um í starfsleyfum sambærilegra stöðva, eru þó til staðar.

5. Önnur mál  
Minnt var á að starfsleyfi rekstraraðila gildir til 10. september 2026 og að gera má ráð fyrir að útgáfa nýrra starfsleyfa taki allt að tólf mánuðum.

## 6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Öll efni voru geymd í lekabyttum í efnaskáp og voru viðeigandi öryggisblöð tiltæk. Frárennsli stöðvarinnar var skoðað og eru engar athugasедir gerðar við það. Tvöfaldur olíugeymir er staðsettur nálægt akstursleið og er rekstraraðila bent á að koma fyrir árekstravörnum við hann.

### ÁBENDINGAR

Ein ábending var settar fram í eftirlitinu: 1) Við akstursleið á lóð rekstraraðila er tvöfaldur olíugeymir úr plasti. Koma þarf fyrir fullnægjandi árekstravörn sem kemur í veg fyrir að geymirinn verði fyrir hjaski.


### ANNAÐ

Á meðan eftirlitið fór fram stóð yfir flutningur á fiski úr stöðinni yfir í áframeldisstöð Matorku, Hrauni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.08.2024

  
Freyr A. Evarsson